



Sjóðstofnun Svafa Grönfeldt, Halla Tómasdóttir, Björk Guðmundsdóttir og Kristín Pétursdóttir.

# Sjóðir Bjarkar og Auðar styrkja sprotastarfsemi

**Eftir Elvu Björk Sverrisdóttur**  
elva@mbl.is

„ÞETTA er hugmynd Auðar og mikill heiður að [sjóðurinn] heiti í höfuðið á mér,“ segir Björk Guðmundsdóttir. Hún ásamt Auði Capital hefur stofnað fagfjárfestastjóðinn BJÖRK. Hann á að fjárfesta í sprotafyrirtækjum á Íslandi. Vonir stofnenda standa til þess að á annan milljarð króna verði til ráðstöfunar úr sjóðnum og að hægt verði að sækja um stuðning frá honum á næsta ári. Auður Capital hefur þegar lagt 100 milljónir króna í sjóðinn, en framtíkið var kynnt í gær.

Björk segist vilja aðstoða Auði Capital á þann hátt sem hún geti með sprotastjóðinni, en hún hefur undanfarið unnið að því að stuðla að vexti

íslenskra srotafyrirtækja. „Oft var þörf en nú er nauðsyn. Eg vona að bæði srotafyrirtæki og fólk með peninga sýni þessu áhuga,“ segir hún og kveðst ánægð með áherslu sjóðsins á stuðning við umhverfisvæna starfsemi.

Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital, sagði að hugmyndin að sjóðnum hefði komið í kjölfar frábærrar vinnu Bjarkar með grasrótinni í landinu undanfarið.

„Það hefur komið í ljós eftir að bankarnir hrundu og við stóðum frammi fyrir þessum ótrúlegu tímum á Íslandi að frumkvöðla- og srotastarfsemi hefur átt mjög undir högg að sækja,“ segir Halla.

Eigi að byggja nýtt Ísland verði það að vera fjölbreyttara en áður.

„Við horfum sérstaklega til þess að setja fé í sjálfbær fyrirtæki,“ segir Halla. Þau fyrirtæki sem fá styrki verði að vera fjárhagslega arðbær, stunda samfélagslega ábyrga viðskiptahætti og vera umhverfisvæn.

„Við teljum að það séu margir áhugasamir fjárfestar þarna úti, sem hafi úr takmörkuðum hlutabréfafjárfestingum að velja í núverandi umhverfi,“ segir Halla.

Æskilegt sé að stjórnvöld setji fram nýsköpunarstefnu. „En ég held við séum komin á þann stað að grasrótin og fólk í landinu er orðið öflugra og það á að setja fram framtíðarsýn fremur en stjórnvöld,“ segir hún. Fjárfesting í srotastarfsemi sé áhættufjárfesting en hún sé rétta leiðin.